



Námsgrein: Heimilisfræði

Kennsluaðferðir og skipulag: Nemendur í 4. bekk fá tvær lotur í heimilisfræði, eina á haustönn og aðra á vorönn. Fjórar til fimm vikur í senn, 80 mínútur í hvert skipti tvisvar sinnum í viku.

Í byrjun árs, janúar – febrúar er unnið þemaverkefni í samstarfi við umsjónarkennara um gamla tímann.

Verkefni hvernar námslotu eru aðgengileg á nemendasvæðum í Mentor og námsmat er sett inn í lok hvernar lotu.

Lagt er upp með að nemendum líði vel í eldhúsinu og séu öruggir í verkefnum.

Lögð er áhersla á að nemendur beri virðingu fyrir tækjum og efnivið sem verið er að nota og temji sér góða umgengni og fylgi fyrirmælum kennara. Eigi góð samskipti og vinni eftir getu.

Námsgögn: Heimilisfræði 4, námsgögn frá kennara, af vef og fleira.

Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti.	Umræður	Námsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár og fært inn á hæfnikort nemenda í Mentor.
Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.	Sýnikennsla	
Valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan, á einfaldan hátt.	Verkleg kennsla	
Útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir.	Bókleg vinna	

Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld

Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.